

## Fréttabréf september 2020

Norðlenska, Grímseyjargötu, Pósthólf 50, 602 Akureyri  
sími 460-8800 | [upplysingar@nordlenska.is](mailto:upplysingar@nordlenska.is)

## Verðskrá sauðfjár haustið 2020

Verðskrá Norðlenska fyrir sauðfjárinnlegg í sláturtíð 2020 er í töflum að neðan.

Greitt verður fyrir innlegg í september hinn 9. október og október innlegg hinn 9. nóvember. Dilkar sem eru undir 10 kg og falla í DO1 og DP1 eru ekki keyptir og fara í heimtöku til innleggjenda.

Almennt álag á verðská innan sláturtíðar:

Vika	36	37	38	39	40	41	42	43	44
Álag dilkakjöt	16%	10%	4%	2%	0%	0%	0%	0%	0%
Álag fullorðið	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%

Verðskrá dilkakjöt, félagsmenn í Búsæld

kr/kg	1	2	3	3+	4	5
E	484	539	566	524	465	406
U	437	493	522	478	416	355
R	396	459	479	432	371	308
O	273	329	350	302		
P	224	272	289	248		

Verðskrá dilkakjöt, aðilar utan Búsældar

kr/kg	1	2	3	3+	4	5
E	464	517	543	503	446	390
U	420	473	501	459	399	341
R	380	441	460	415	356	295
O	262	316	336	290		
P	215	261	277	238		

Almennt verð fyrir fullorðið fé, aðilar að Búsæld og aðrir:

	1	2	3	3+	4	5
VR			161		124	
VP	99					
VHR			57		31	
VHP	45					
FR	57		112		83	
FP	57					
HR			57		31	

Verðskrár eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

## Flutningur á sláturfé

Norðlenska sér um flutning sláturfjár í sláturhús, nema um annað sé samið. Reynir B. Ingvason og Sigurður Jónsson flytja sláturfé að sláturhúsi Norðlenska á Húsavík. Óski bændur eftir að flytja sjálfir fé sitt í sláturhús er Norðlenska reiðubúið til samninga þar um.

Mjög mikilvægt er að bændur skili útfylltu eyðublaði um afhendingu sauðfjár. Ef bændur hafa tök á því að fylla út eyðublaðið rafrænt og senda í tölvupósti væri það afar gott til að minnka snertifleti og fækka mögulegum smitleiðum (Covid). Sendið útfyllt skjal á eftirfarandi netföng [sauðvog@nordlenska.is](mailto:sauðvog@nordlenska.is) og [adalheidur@nordlenska.is](mailto:adalheidur@nordlenska.is) í síðasta lagi fyrir kl 06:00 að morgni sláturdags. Ef innleggjendur geta ekki sent inn blöðin rafrænt þá munu bílstjórar og starfsmenn Norðlenska meðhöndla blöðin með hönskum. Ekki er heimilt að senda slösuð eða sjúk dýr til slátrunar (dýrin skulu ganga á öllum fjórum fótum). Samkvæmt kröfu frá Matvælastofnun skal gera grein fyrir sauðum (geldum hrútum) sem koma inn til slátrunar. Vottorð skal fylgja með frá dýralækni um hver hafi framkvæmt geldinguna.

## Aðgerðir vegna aukinna sóttvarna

**Engar óviðkomandi heimsóknir er leyfðar í starfsstöðina.** Það mun því miður ekki vera heimilt fyrir bændur að vera viðstaddir kjötmat eða koma í fjárréttina, mötuneyti eða skrifstofur eins og hefur tíðkast. Þeir bændur sem **EKKI VILJA FÁ BÍLSTJÓRANA INN Í FJÁRHÚSIN**, skulu upplýsa bílstjóran um það þegar hann kemur á staðinn. Annars skal **virða 2 metra regluna** (milli bílstjóra og bænda) við lestun bíla. Þeir sem koma og sækja heimtökukjöt fá afhendingu út fyrir dyr starfsstöðvarinnar. **Virða skal tveggja metra regluna.**

# NORÐLENSKA

## Fréttabréf september 2020

### Niðurröðun sláturfjár

Um niðurröðun sláturfjár úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sjá Halldór Sigurðsson á Sandhólum, réttarstjóri Norðlenska á Húsavík sími 840-8895, og Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík. Sími hans er 460-8888 /840-8888.

Niðurröðun sláturfjár af Austurlandi annast Aðalsteinn Jónsson. Símar hjá honum eru 471-2006/ 895-1085.

### Slátursala

Í ljósi aðstæðna varðandi sóttvarnir verður fyrirkomulag slátursölu ákveðið síðar og tilkynnt á heimasíðu Norðlenska og staðarmiðlum þegar fyrirkomulag liggur fyrir.

### Heimtökukjöt

Í sláturtíðinni verður heimtaka kjöts með eftirfarandi hætti. Bændur skulu taka allt ferskt heimtökukjöt daginn eftir slátrun á Húsavík. Á Akureyri, Egilsstöðum og Höfn er ferskt kjöt afhent tveimur dögum eftir slátrun og frosið kjöt fjórum dögum eftir slátrun. Frosið kjöt á Húsavík er afhent þremur dögum eftir slátrun. Bændur geta fengið heimtökukjöt annað hvort ferskt eða frosið í heilum skrokkum, frosið sjöpartasagað eða fínsagað. Á Húsavík er kjötið afhent ferskt í sláturhúsi en frosið (sagað og ósagað) í húsnæði Norðlenska við Suðurgarð, á hafnarsvæði. Síminn þar er **840-8882**.

Á Akureyri gefst bændum kostur á að ná í heimtökukjöt í afgreiðslu Landflutninga við Tryggvabraut virka daga kl. 10-16. Hafið samband við **Helga Eiríksson í síma 858-8932**.

Á Egilsstöðum er kjötið afhent í afgreiðslu Landflutninga að Kaupvangi 25 virka daga kl. 10-16. Hafið samband við **afgreiðsluna á Egilsstöðum í síma 458-8800**. Á Höfn er kjötið afhent hjá KASK, sími **470-8200**. Að gefnu tilefni skal áréttað að bændur nálgist heimtökukjöt sitt í afgreiðslur Landflutninga á Akureyri og Egilsstöðum og til KASK eins fljótt og mögulegt er. Ekki er boðið uppá geymslu á heimtökukjöti hjá Norðlenska. Geymslugjöld leggjast á kjöt sem er ekki sótt fyrir 1. desember 2020. Gjald fyrir heimtöku verður kr. **3.500 + vsk. fyrir slátrun pr. dilk og kr 4.200 + vsk. fyrir slátrun á fullorðnu** fyrir félagsmenn í Búsæld en kr. **4.100 + vsk. fyrir slátrun pr. dilk og kr 4.350 + vsk. fyrir slátrun á fullorðnu fyrir utanfélagsmenn**. Ekki er greitt fyrir sjöpartasögun, en **kr. 760 pr. dilk + vsk. fyrir fínsögun**. Framangreint verð og kjör gilda fyrir heimtöku sem er allt að 25 skrokkar. Ef tekið er meira heim, þá er rúkað 35% álag á það sem er umfram 25 skrokka af dilkakjöti, og verður reikningur fyrir því álagi sendur að lokinni sláturtíð.

Ástæða er til að undirstrika að óskir um heimtöku berist sláturhúsi á sérstöku eyðublaði eigi síðar en við komu fjárins í réttina. Þar skal tilgreina hvernig kjötið skal afhent, ferskt eða frosið, og þá hvernig sagað. Hafi eyðublaðið glatast skal bent á að unnt er að nálgast það á heimasíðu Norðlenska. Einnig viljum við taka það fram að ef menn eru með sérstakar óskir varðandi lömb (dýr) að litamerking þá á horn eða haus (enni) til að aðgreina frá hópnum, og einnig taka fram á fylgiblaði hvað litamerking þýðir (heimtaka). **TEKIÐ SKAL FRAM AÐ ALLS EKKI MÁ SPREYJA LIT Í ULL ÞVÍ ÞÁ ÞARF AÐ FARGA GÆRUNNI.**

### Símaskrá Norðlenska

#### HÚSAVÍK

Sauðfjárrétt	460 - 8895
Réttarstjóri	840 - 8895
Stöðvarstjóri	460 - 8888
Heimtökusögun	840 - 8882
Slátursala	840 - 8850

#### AKUREYRI

Skrifstofa	460 - 8800
------------	------------

### BÍLSTJÓRAR

#### Eyjafjörður – Þingeyjarsýslur

Reynir B. Ingvason	893 -1018
Bjarni Eyjólfsson	893-6921
Arnar Ingi Sæþórsson	869-5776
Benedikt Arnbjörnsson	862 - 7703
Árni Þorbergsson	893 - 9596

#### Austurland

Sigurður Jónsson	893 - 4480
Hilmar	899 - 4367
Björn	848 - 5141
Árni Jón	848 - 1860
Bergþór	867 - 2904